



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2017

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, 333. mál**

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) vísa til tölvupósts umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 11. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (EES-reglur o.fl.), 333. mál.

Samtökin benda á, eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, að tekið hefur verið tillit til einstakra ábendinga sem umsagnaraðilar höfðu fram að færa þegar málið var til umfjöllunar á fyrra löggjafarþingi. Samtökin fagna því að í fyrirliggjandi frumvarpi hafi verið tekið tillit til einstakra ábendinga samtakanna.

Að gefnu tilefni telja samtökin þó ástæðu til að ítreka þau sjónarmið sem þau hafa komið á framfæri við undirbúning málsins hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, sem og fyrri þinglegum meðferðum laga um meðhöndlun úrgangs sem og löggjafar um Úrvinnslusjóð, og viðkemur heimildum sveitarfélaga til að innheimta gjöld vegna raf- og raftækjaúrgangs. Af þeim umsögnum sem þegar hafa borist um fyrirliggjandi frumvarp má ráða að sveitarfélög telji ekki ástæðu til að fylgja eftir þeirri leið sem fram kemur í fyrirliggjandi frumvarpi, og sett er fram af umhverfis- og auðlindaráðuneyti, þ.e. að leitað verði leiða til leysa þau ágreiningsmál sem uppi eru á vettvangi Úrvinnslusjóðs. Þvert á móti má ráða af umræddum umsögnum að sveitarfélög geri enn eina tilraun til að hafa áhrif á þetta mál á vettvangi Alþingis.

Hvað þetta mál varðar, og til upplýsingar fyrir nefndarmenn umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, vísast hér til meðfylgjandi erindis þar sem ýmis atvinnurekendasmötök sem eiga sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs sendu athugasemdir sínar til umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Er í umræddu erindi á skýran hátt gerð grein fyrir álitamáli þessu og á rökstuddan hátt hrakin sjónarmið sveitarfélaga í málinu. Telja samtökin að tilvísað erindi eigi að fullum fetum við í máli þessu og gera þau þær athugasemdir að umsögn sinni um frumvarpið.

Til frekari upplýsingar vekja samtökin athygli umhverfis- og samgöngunefndar á meðfylgjandi nefndarálitni þáverandi umhverfisnefndar. sbr. þskj. 1155 – 327. mál á 135. löggjafarþingi, þar sem á bls. 2 í álitinu er auðkennd umfjöllun um svokallaða framleiðendaábyrgð sem er hér til umfjöllunar. Þá vísast einnig til meðfylgjandi erindis umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 14. apríl 2016, á Úrvinnslusjóð þar sem tekinn er af allur vafi um kostnað við geymslu raf- og raftækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga.



Er sjónarmiðum sveitarfélaga alfarið mótmælt hvað þetta atriði varðar og skorað á umhverfis- og samgöngunefnd taka undir þau sjónarmið umhverfis- og auðlindaráðuneytis að mál þetta verði leyst á vettvangi Úrvinnslusjóðs.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og gera samtökin að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Pétur Reimarsson', written over a horizontal line.

Pétur Reimarsson  
f.h. SA

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Bryndís Skúladóttir', written over a horizontal line.

Bryndís Skúladóttir  
f.h. SI

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Lárus M. K. Ólafsson', written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson  
f.h. SVP